



Niðurstaða úr fyrsta hluta – mál- og talproski

Nafn: _____

Dagsetning: _____ Aldur: _____ Stig _____

Niðurstaðan bendir til mikillar áhættu (1–15%)

Niðurstaðan sýnir að mál- og talproski barnsins er undir því sem búast mætti við hjá jafnöldrum. Barnið þarf bæði markvissan og tíðan stuðning.

Hvað gerist næst?

Leikskólinn gerir 6–8 vikna áætlun í samvinnu við foreldra. Þar kemur fram hvaða færni verður unnið með, hvernig málörvun fer fram í leikskólanum og hvað foreldrar geta gert heima. Málörvunin þarf að vera skipulögð, markviss og tíð.

Hvað geta foreldrar gert heima?

Lesið með barninu á hverjum degi, jafnvel þótt stundin sé stutt.

Lesið sömu bækurnar oft en einu sinni, tala um myndirnar og tengja orð úr bókinni við daglegt líf.

Taka frá 10–15 mínútur á dag í rólegan leik með barninu (forðast að nota skjá).

Setja orð á athafnir í daglegu lífi, til dæmis við að klæða sig, borða, fyrir háttinn eða við að ganga frá.

Fylgja áhuga barnsins, setjið orð á það sem það horfir á og gerir og bíða eftir viðbrögðum þess.

Endurtaka og lengja það sem barnið segir. Ef barnið segir „bíll“, er hægt að segja: „Já, rauði bíllinn keyrir.“

Nota aftur og aftur þau orð og hugtök sem ákveðið hefur verið að vinna með í leikskólanum og heima.

Sýna barninu þolinmæði og gefa því tíma til að svara. Forðast að prófa það stöðugt og krefjast þess að það endurtaki rétt.

Syngja, fara með þulur, leika með orð og hljóð.

Takmarka skjánotkun því hún tekur tíma frá samtölum, leik, lestri og samveru.

Á heimasíðunni talmal.hi.is er að finna hagnýt ráð og myndbönd fyrir foreldra.

Eftirfylgd

Leikskóli og foreldrar fara yfir stöðuna eftir 3–4 vikur og meta hvort framfarir séu sjáanlegar. Að 6–8 vikum liðnum er árangur metinn og næstu skref ákveðin í samráði við heimilið.

Fjölbýngd bönn

Mælt er með að foreldrar tali við barnið á því tungumáli sem þeir kunna best og styðjist við úrræði sem finna má hér að ofan á sínu heimamáli. Gæta þarf þess að íslenskan sé velkomin á öllum heimilum.

Mikilvægt

LANIS er skimun en ekki greining. Niðurstöðuna á alltaf að skoða með öðrum upplýsingum um barnið.